




Læsisstefna Heiðarskóla

Markmið – kennsla - eftirfylgni



Heiðarskóli Hvalfjarðarsveit 2025

Efnisyfirlit

Markmið.....	2
Skóli	2
Heimili.....	2
Menning	3
Náms- og kennsluáherslur í lestri	4
1. - 2. bekkur	4
3. - 4. bekkur	6
5. - 7. bekkur	8
8. - 10. bekkur	10
Hvað er læsi?	12
Grunnpættir lesturs.....	12
Hljóðkerfisvitund	12
Umskráning.....	12
Lesfimi	12
Orðaforði	12
Lesskilningur	13
Samstarf heimilis og skóla	13
Leiðir og starfsþróun.....	13
Snemmtæk íhlutun	14
Yfirlit yfir skimanir, próf og matstæki	15

Læsi er grunnurinn að frekara námi og því mikilvægt að vandað sé til verka við læsiskennsluna allt frá upphafi. Mikilvægt er að læsiskennslan byggji á traustum rannsóknum um hvaða leiðir og aðferðir vænlegastar séu til árangurs og að gripið sé inn í snemma og með markvissum hætti gangi lestrarnám ekki sem skyldi.

Brýnt er að kennarar séu vel upplýstir um þróun lestrar, búi yfir færni og þekkingu á fjölbreyttum kennsluaðferðum og geti aðlagð aðferðir að hverjum og einum nemanda. Einnig þurfa kennarar að þekkja og skilja gildi skimunarprófa og geta gripið inn í lestrarnám þegar vísbendingar eru um að lestrarnámið gangi ekki sem skyldi.

Í stefnunni er gerð grein fyrir helstu áherslum / markmiðum Heiðarskóla í læsi sem og námsáherslur hvers bekkjar eða námshóps. Einnig er að finna stutta samantekt á því hvað felst í læsi, hvaða lestraraðferðir stuðst er við í skólanum, yfirlit yfir skimunar- og greiningarpróf og hvaða ferli fer í gang ef lestrarnámið gengur ekki sem skyldi.

Þessi stefna er hugsuð sem aðgerðaráætlun og handbók fyrir kennara til að styðjast við þegar kennslan er skipulögð og sem upplýsingarit fyrir foreldra til að fylgjast með og styðja við börn sín í læsinnáminu. Í framhaldinu verður safnað saman gagnlegum upplýsingum um lestrarnám og -kennslu sem og hvaða bjargir hægt er að styðjast við í lestrarþjálfun.

Markmið

Markmið Heiðarskóla í læsi er að allir nemendur verði færir um að lesa, skilja og nýta sér ritmál í námi og daglegu lífi. Læsi er grunnur að öllu námi, tjáningu og virkri þátttöku í samfélagi. Heiðarskóli vinnur að því að læsi sé lifandi hluti skólasamfélagsins, þar sem skóli og heimili vinna saman að því að efla nemendur sem örugga, gagnrýna og áhugasama lesendur.

Skóli

- Tryggja gæði og samfellu í lestrarkennslu frá 1.–10. bekk.
- Notað fjölbreyttar kennsluaðferðir við lestur og lesskilning.
- Fylgjast reglulega með framförum nemenda með skimunum og markvissu námi byggðu á niðurstöðum.
- Vinna eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun og einstaklingsmiðaðan stuðning.
- Styðja við kennara með símenntun og markvissri starfsþróun í læsi.

Heimili

- Hvetja til reglulegs heimalestrar og virkrar þátttöku forsjáraðila í læsi barna sinna.

- Byggja upp samstarf við foreldra um stuðning, úrræði og eftirfylgni í lestri.
- Upplýsa forsjáraðila um stöðu barna í læsi, niðurstöður skimana og leiðir til úrbóta.
- Veita foreldrum aðgengilegt efni og leiðbeiningar sem nýtast við lestrarþjálfun heima.

Menning

- Hugurfar vaxtar er viðhaft í skólanum – allir geta lært – allir geta náð framförum. Æfingin skapar meistarann.
- Rækta jákvæða læsismenningu þar sem lestur er hluti af daglegu lífi nemenda.
- Efla áhuga á bókmenntum og fjölbreyttum textum í gegnum viðburði, lestarklúbba/bókaklúbba, skólabókasafn, höfundakynningar og samræður um lestur.
- Tryggja að öll börn hafi aðgang að lesefni sem hæfir aldri, áhuga og getu.
- Viðurkenna og virða fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn nemenda, hlúa að móðurmáli og íslenskukennslu samhliða lestrarfærni.

Náms- og kennsluáherslur í lestri

1. - 2. bekkur

Áherslur í lestri og lesskilningi

- ❖ Bókstafir, hljóð, heiti og tákn, hástafir og lágstafir.
- ❖ Efla hljóðkerfisvitund.
- ❖ Hljóðaaðferð og ritháttalestur (sjónrænn orðaforði).
- ❖ Hlustun.
- ❖ Efla orðaforða.
- ❖ Efla les- og málskilning.
- ❖ Sjálfstæður lestur, lesa fyrirmæli og leiðbeiningar.
- ❖ Nemendur kunni að nota bókasafn og velja bækur eftir áhuga

Unnið með aðferðum Byrjendalæsis

- Leikir til að efla hljóðkerfisvitund – rím, atkvæði, hljóðgreining, hljóðtenging, algengar orðmyndir.
- Megináhersla á hljóðaaðferðina í lestrarkennslu.
- Lestrarnám í gegnum gæðatexta – áhersla á orðaforða.
- Fjölbreyttar textategundir (fræðitextar ævintýri, þjóðsögur, ljóð, barnabækur, vísur, fréttir, upplýsingar).
- Áhersla á sköpun og ritun.
- Lestur daglega, heima og í skóla.
- Gagnvirkur lestur - hlutverkin, spákonan, fréttamaðurinn, kúrekinn, listamaðurinn og spæjarinn.
- Orðaspjall.
- K- V- L .
- Mynd- og hljóðefni.
- Bókasafn.
- Forrit í tölvum.
- Spil.
- Paralestur, kórlestur, yndislestur, bergmálslestur.
- Fræðslugrunnar - hugarkort og vennkort.
- Orðavinna – orð úr orði, orð af orði, samheiti, andheiti, forskeyti, margræð orð.
- Bóka- og höfundakynningar.

Lesfimiviðmið MMS - fjöldi rétt lesinna orða á mínútu			
Árgangur	Viðmið 1 90%	Viðmið 2 50%	Viðmið 3 25%
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100

Skimanir og próf

1. bekkur

Skimun leið til læsis – skil til foreldra, kennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum, íhlutun sérkennara ef þarf.

Læsi 1.2. í febrúar – skil til foreldra, kennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum, íhlutun sérkennara ef þarf.

Lesmál í apríl – skil til foreldra, kennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum, íhlutun sérkennara ef þarf.

Lesferill í september (fyrir þá sem geta), janúar og maí. Skilað til foreldra í september og janúar og í námsmöppu í maí. Kennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum, íhlutun sérkennara ef þarf.

- Beri íhlutun í bekk eða hjá sérkennara ekki tilætlaðan árangur er nemandi vísað til frekari mats/greiningar hjá sálfræðingi og/eða talmeinafræðingi eftir tilvikum. Einstaklingsmarkmið sett ef þörf er á.

2. bekkur

Læsi 2.1 í september - skil til foreldra, kennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum, íhlutun sérkennara ef þarf.

Læsi 2.2. í febrúar - skil til foreldra, kennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum, íhlutun sérkennara ef þarf.

Lesmál –stöðu og eftirfylgniþróf - skil til foreldra, kennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum, íhlutun sérkennara ef þarf.

Lesferill í september – janúar og maí. Skilað til foreldra í september og janúar og í námsmöppu í maí. Kennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum. Nemendur undir eða rétt yfir viðmið 1 í janúar fá íhlutun frá sérkennara og/eða aukið viðbragð heima og í skóla s.s. stafaklemmur, einfaldara lesefni, aukinn lestur. Stuðningsprófin orðleysulestur og sjónrænn orðaforði notuð í janúar og maí ef nemandi er undir eða rétt við viðmið 1.

- Beri íhlutun í bekk eða hjá sérkennara ekki tilætlaðan árangur er nemandi vísað til frekari mats/greiningar hjá sálfræðingi og/eða talmeinafræðingi eftir tilvikum. Einstaklingsmarkmið sett ef þörf er á.

3. - 4. bekkur

Áherslur í lestri og lesskilningi

- ❖ Sjálfstæður lestur, fjölbreyttir textar.
- ❖ Geta nýtt hljóðaaðferð og ritháttarlestur við að umskrá óþekkt orð.
- ❖ Aukinn lestrarhraði.
- ❖ Nýta greinamerki til að hjálpa sér við lestur og lesskilning.
- ❖ Geti valið sjálf lesefni eftir áhuga sem hæfir lestrargetu.
- ❖ Auki orðaforða.
- ❖ Auki hlustunarfærni.
- ❖ Geti notað myndir og skýringarmyndir til að efla skilning.
- ❖ Hafi ánægju af lestri og kunni að nota bókasafn.
- ❖ Geti fylgt skriflegum fyrirmælum.

Unnið með aðferðum Byrjendalæsis

- Megináhersla á hljóðaaðferðina og ritháttalestur í lestrarkennslu.
- Lestrarnám í gegnum gæðatexta – áhersla á orðaforða.
- Fjölbreyttar textategundir (fræðitextar, ævintýri, þjóðsögur, ljóð, barnabækur, vísur, fréttir, upplýsingar).
- Áhersla á sköpun og ritun.
- Lestur daglega – heima og í skóla.
- Gagnvirkur lestur - hlutverkin, spákonan, fréttamaðurinn, kúrekinn, listamaðurinn og spæjarinn.
- Orðaspjall – umræður um texta, orð og hugtök.
- K- V- L.
- Mynd- og hljóðefni – taka upp eigin lestur og frásögn.
- Bókasafn.
- Forrit í tölvum.
- Spil.
- Paralestur, kórlestur, yndislestur, bergmálslestur.
- Fræðslugrunnar - hugarkort og vennekort.
- Orðavinna – orð úr orði, orð af orði, samheiti, andheiti, forskeyti, margræð orð.
- Bóka- og höfundakynningar.

Lesfimi viðmið MMS - fjöldi rétt lesinna orða á mínútu			
Árgangur	Viðmið 1 90%	Viðmið 2 50%	Viðmið 3 25%
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145

Skimanir og próf

Orðarún árangurs- og stöðupróf í október og febrúar– skil til foreldra, kennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum, íhlutun sérkennara ef þarf.

Lesferill í september – janúar og maí. Skilað til foreldra í september og janúar og í námsmöppu í maí. Kennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum. Nemendur undir eða rétt yfir viðmið 1 í janúar fá íhlutun frá sérkennara og/eða aukið viðbragð heima og í skóla s.s. stafaklemmur, einfaldara lesefni, aukinn lestur. Stuðningsprófin orðleysulestur og sjónrænn orðaforði notuð í janúar og maí ef nemandi er undir eða rétt við viðmið 1.

LOGOS skimun ef þörf er á skv. mati umsjónakennara, sérkennara og / eða foreldra.

- Beri íhlutun í bekk eða hjá sérkennara ekki tilætlaðan árangur er nemandi vísað til frekari mats/greiningar hjá sálfræðingi og/eða talmeinafræðingi eftir tilvikum. Einstaklingsmarkmið sett ef þörf er á.

5. - 7. bekkur

Áherslur í lestri og lesskilningi

- ❖ Lesið og skilið fjölbreytta texta sér til ánægju og fróðleiks.
- ❖ Aukinn lestrarhraði.
- ❖ Auka orðaforða til að efla les- og málskilning.
- ❖ Þjálfist í að nota ólíkar lestraraðferðir eftir tilgangi lesturs.
- ❖ Þjálfar upplestur, leiklestur, túlkun.
- ❖ Þjálfar hlustun.

Kennsluaðferðir og leiðir

- Gæðatextar – áhersla á orðaforða og lesskilning.
- Fjölbreyttar textategundir (fræðitextar, ævintýri, þjóðsögur, ljóð, barnabækur, vísur, fréttir, upplýsingar, skáldsögur, auglýsingar).
- Lestur daglega – heima og í skóla.
- Gagnvirkur lestur - hlutverkin, spákonan, fréttamaðurinn, kúrekinn, listamaðurinn og spæjarinn.
- Orðaspjall – umræður um texta, orð og hugtök.
- Skimunarlestur.
- Hljóðlestur.
- Upplestur – tjáning og túlkun.
- K- V- L.
- Mynd- og hljóðefni – taka upp eigin lestur og frásögn.
- Bókasafn.
- Forrit í tölvum.
- Spil.
- Paralestur, kórlestur, yndislestur, bergmálslestur.
- Fræðslugrunnar - hugarkort og vennkort.
- Kortalestur og myndlestur.
- Orðflokkgreining.
- Orðavinna – orð úr orði, orð af orði, samheiti, andheiti, forskeyti, viðskeyti, margræð orð.
- Stigskiptur stuðningur.
- Lesskilningur (lýsa skoðunum á lesnu efni, gera grein fyrir megininntaki texta, tengja saman atburð og afleiðingu, draga ályktanir, rekja söguþráð sagna, tengja við eigin reynslu).
- Miðlun texta á fjölbreyttan hátt.
- Bóka- og höfundakynningar.
- Styrkja áhugahvöt nemenda – vera góðar lesfyrirmyndir og tryggja að börnin hafi val um fjölbreytt lesefni.
- Orðatiltæki, orðtök og málshættir.

Lesfímiviðmið MMS - fjöldi rétt lesinna orða á mínútu			
Árgangur	Viðmið 1 90%	Viðmið 2 50%	Viðmið 3 25%
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190

Skimanir og próf

Lesferill í september – janúar og maí. Skilað til foreldra í september og janúar og í námsmöppu í maí. Kennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum. Nemendur undir eða rétt yfir viðmið 1 í janúar fá íhlutun frá sérkennara og/eða aukið viðbragð heima og í skóla s.s. einfaldara lesefni, aukinn lestur.

Orðarún á haust- og vorönn – skil til foreldra, kennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum, íhlutun sérkennara ef þarf.

LOGOS greining ef þörf er talin á skv. mati umsjónakennara, sérkennara og/eða foreldrum.

- Beri íhlutun í bekk eða hjá sérkennara ekki tilætlaðan árangur er nemandi vísað til frekari mats/greiningar hjá sálfræðingi og/eða talmeinafræðingi eftir tilvikum. Einstaklingsmarkmið sett ef þörf er á.

8. - 10. bekkur

Áherslur í lestri og lesskilningi

- ❖ Lesið og skilið fjölbreytta texta sér til ánægju og fróðleiks.
- ❖ Geti aflað sér nauðsynlegra upplýsinga.
- ❖ Hafi skilning á mikilvægi lesturs og lestrarþjálfunar.
- ❖ Aukinn lestrarhraði.
- ❖ Auki orðaforða til að efla les- og málskilning.
- ❖ Þjálfist í að nota ólíkar lestraraðferðir eftir tilgangi lesturs.
- ❖ Viti hvaða aðferðir hægt er að nota til að öðlast skilning á texta.
- ❖ Þjálfu upplestur, leiklestur, túlkun.
- ❖ Þjálfu máltjáningu.
- ❖ Þjálfu hlustun.

Kennsluaðferðir og leiðir

- Gæðatextar – áhersla á orðaforða.
- Fjölbreyttar textategundir (fræðitextar, ævintýri, þjóðsögur, ljóð, barnabækur, vísur, fréttir, upplýsingar, skáldsögur).
- Lestur daglega – í skóla.
- Gagnvirkur lestur - hlutverkin, spákonan, fréttamaðurinn, kúrekinn, listamaðurinn og spæjarinn.
- Orðaspjall – umræður um texta, orð og hugtök.
- Skimunarlestur.
- Hljóðlestur.
- Upplestur – tjáning og túlkun.
- K-V-L .
- Mynd- og hljóðefni – taka upp eigin lestur og frásögn.
- Bókasafn.
- Forrit í tölvum.
- Spil.
- Paralestur, kórlestur, yndislestur, bergmálslestur.
- Fræðslugrunnar - hugarkort og vennkort.
- Kortalestur og myndlestur.
- Orðavinna – orð úr orði, orð af orði, samheiti, andheiti, forskeyti, viðskeyti, margræð orð.
- Hugtakagreining .
- Bóka- og höfundakynningar

Lesfímiviðmið MMS - fjöldi rétt lesinna orða á mínútu			
Árgangur	Viðmið 1 90%	Viðmið 2 50%	Viðmið 3 25%
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Skimanir og próf

Lesferill í september – janúar og maí. Skilað til foreldra í september og janúar og í námsmöppu í maí. Kennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum. Nemendur undir eða rétt yfir viðmið 1 í janúar fá íhlutun frá sérkennara og/eða aukið viðbragð heima og í skóla s.s. einfaldara lesefni, aukinn lestur.

Orðarún fyrir 8. bekk á haustönn – skil til foreldra, kennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum, íhlutun sérkennara ef þarf.

LOGOS greining ef þörf er talin á skv. mati umsjónakennara, sérkennara og/eða foreldrum.

- Beri íhlutun í bekk eða hjá sérkennara ekki tilætlaðan árangur er nemandi vísað til frekari mats/greiningar hjá sálfræðingi og/eða talmeinafræðingi eftir tilvikum. Einstaklingsmarkmið sett ef þörf er á.

Hvað er læsi?

Læsi er færnin að lesa og rita, það að geta aflað sér upplýsinga úr rituðum texta sem og læsi á ýmsa þætti í daglegu lífi og umhverfi. Hér á eftir verður sjónum einna helst beint að færninni að lesa, skilja og rita sem oft er nefnt læsi í þröngum skilningi. Lestur er færnin til að umskrá stafi í hljóð og tengja saman í orð og skilningur á orðum sem lesin eru. Lestur og ritun er samtvinnuð færni sem styður hvor aðra.

Grunnpættir lesturs

Þeir grunnpættir sem taldir eru hafa hvað mest áhrif á lestrarfærni eru hljóðkerfisvitund, umskráning, lesfimi, orðaforði og lesskilningur.

Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund er yfirhugtak sem vísar til færni einstaklingsins við að skynja eða greina hljóðræna uppbyggingu tungumálsins án tengsla við merkingu orða. Hljóðkerfisvitund felur í sér færni við að greina rím, geta skipt orðum í atkvæði, greina einstök hljóð í orði (hvaða stafahljóð heyrast í orði), sundurgreina hljóð orða og tengja saman hljóð orða.

Umskráning

Umskráning er hæfileikinn að breyta bókstöfum í hljóð og tengja saman í orð sem einstaklingurinn skilur. Bent hefur verið á að sjálfvirk og fyrirhafnalaus tenging allra bókstafstákna og viðeigandi hljóðs liggi til grundvallar góðri umskráningarfærni. Aðferðin að tengja saman hljóð og bókstaf kallast hljóðaaðferðin og er talin ein skilvirkasta aðferðin við að kenna umskráningu.

Lesfimi

Lesfimi er færni sem byggir á nákvæmni, sjálfvirkni og lestrarlagi sem saman stuðla að auknum lesskilningi. Sjálfvirkur, fyrirhafnalaus lestur sem lesinn er í viðeigandi hendingum og réttu hljómfalli einkennir góða lesfimi. Lesfimir lesarar geta beint orku sinni að skilningi fremur en umskráningu og geta dregið fram rétta merkingu texta með réttum áherslum.

Orðaforði

Að vera læs byggir á færni til að geta lesið orð og skilið. Allur skilningur byggir á stærð orðaforða sem einstaklingurinn skilur og verður hann til í gegnum lestur, samskipti, nám og reynslu.

Lesskilningur

Lesskilningur er háður fjölmörgum þáttum eins og orðaforða, bakgrunnsþekkingu, þekkingu á uppbyggingu textategunda, tilgangi lestrar og fleiru. Aðferðir við að efla lesskilning miða flestar að því að hjálpa lesara við að koma auga á atriði í texta sem líkleg eru til að hjálpa honum að skilja hvað sá sem ritaði textann er að reyna að koma til skila.

Samstarf heimilis og skóla

Lestrarþjálfun er mikilvægur og stór þáttur í lestrarnámi barna. Í skólanum læra börnin tæknilega þætti lestursins, en til að festa þá í sessi og efla færni þarf reglulega æfingu heima fyrir. Á yngsta- og miðstigi er mælt með því að nemendur æfi lestur að minnsta kosti fimm sinnum í viku í um það bil 15-20 mínútur í senn. Á unglingastigi sinna nemendur áfram lestrarþjálfun með lestrartengdum og lestrarhvetjandi verkefnum bæði í skóla og heima, sem miða að því að efla dýpri skilning og áhuga á lestri.

Samstarf við heimilin er lykilþáttur í því að styðja lestrarþróun nemenda. Forsjáaraðilar fá reglulega upplýsingar um niðurstöður kannana, skimana og prófa sem tengjast lestrarfærni barna þeirra, bæði á viðtalsdögum, í símtölum, samtölum eða á foreldrafundum, eftir því sem við á. Komi fram vísbendingar um erfiðleika í lestri leitar skólinn lausna í nánú samstarfi við heimilin og sérfræðinga. Markvisst er unnið að því að tryggja stuðning barnsins og geta foreldrar fengið leiðbeiningar, lestrarefni og önnur úrræði sem nýtast til þjálfunar heima. Samvinna heimilis og skóla eykur líkur á jákvæðri upplifun af lestri og bættri námsframvindu.

Leiðir og starfspróun

Í skólanum er starfandi læsisteymi sem hefur það hlutverk að halda utan um læsismál í skólanum á fjölbreyttan máta, s.s. með því að koma með tillögur að viðburðum, hafa bókasafn í stöðugri þróun, finna tækifæri til að lyfta læsi í daglegu starfi sem og með einstaka viðburðum, rýna í niðurstöður læsissskimana í heild fyrir skólann og koma með tillögur að úrbótum og fræðslu fyrir starfsfólk.

Í skólanum er unnið eftir námsskipulagi *Byrjendalæsis* á yngsta stigi. Byrjendalæsi sækir innblástur til kenninga um hugsmíðahyggju og nám án aðgreiningar þar sem gert er ráð fyrir að börn læri best í samfélagi jafningja, með samvinnu, stigskiptum stuðningi og hvers konar námsaðlögun sem auðveldar kennurum að koma til móts við ólíkar þarfir þeirra og áhugasvið. Allir kennarar á yngsta stigi hafa lokið námi í Byrjendalæsi og er í skólanum starfandi leiðtogi sem heldur utan um Byrjendalæsiskenosluna, tryggir að vinnulagi sé fylgt, aðstoðar kennara og er

tengiliður við MSHA (Miðstöð skólapróunar Háskólans á Akureyri) sem heldur utan um verkefnið og veitir bjargir.

Undanfarin misseri hefur skólinn einnig verið í samstarfi við MSHA í námskeiði sem heitir *Læsi fyrir lífið*. Þróunarverkefnið *Læsi fyrir lífið* miðar að því að efla læsiskennslu á mið- og unglingastigi með fjölbreyttum aðferðum. Í *Læsi fyrir lífið* eru samvirkar læsiskennsluaðferðir og samþætt vinna með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólastarfi í brennidepli. Markmiðið er að efla læsisfærni nemenda ár frá ári og að læsi fléttist inn í allt skólastarf þvert á námsgreinar. Lögð er áhersla á fjölbreyttar og hagnýtar aðferðir sem rannsóknir hafa sýnt að séu árangursríkar í að efla læsi. Í verkefninu er lögð áhersla á að mæta þörfum nemenda þar sem þeir eru staddir námslega og stuðla að auknum áhuga, virkni og árangri þeirra. Í því felst að kennari skipuleggur námið á þann hátt að einstaklingsþörfum sé mætt innan bekkjarins með fjölbreyttu námsefni, vinnubrögðum og námsleiðum.

Auk þess er skólinn í innleiðingarferli með *Leiðsagnarnám* sem er aðferðarfræði sem miðar að því fylgjast með í námsferlinu sjálfu og nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á náms- og kennsluháttum. Námsmenning sem einkennist af leiðsagnarnámi eflir námsvitund nemenda og eykur skilning þeirra á því hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri. Í þróunarstarfinu er markmiðið að starfsfólk skóla dýpki þekkingu sína á námsmenningu sem einkennist af leiðsagnarnámi og auki hæfni sína við að flétta áherslum leiðsagnarnáms inn í náms- og kennsluáætlanir og samþætta daglegum viðfangsefnum.

Snemmtæk íhlutun

Í Heiðarskóla er unnið út frá hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun og er á hverju aldurstigi fylgst vel með stöðu og framförum hvers nemanda í lestri. Komi nemandi inn í skólann með vísbendingar úr leikskóla um að líkur séu á lestrarvanda fer nemandi sjálfkrafa í inngrip hjá sérkennara við upphaf skólagöngu.

Hvert skimunar- eða greiningapróf hefur viðmið um hvenær íhlutunar er þörf og gefur vísbendingar um hvar lestrarvandinn liggur. Sýni niðurstöður að íhlutunar sé þörf er fyrst farið í tímabundið inngrip í bekk, hjá sérkennara og á heimili. Forsjáráðilar fá leiðbeiningar um þjálfunaraðferðir. Leiði inngrip ekki til bætingar þá er bætt í inngripi sérkennara og barni vísað til talmeina- og eða sálfræðings til að fá nánari greiningu á hvar lestrarvandi liggur. Unnið er út frá niðurstöðum sérfræðinga.

Yfirlit yfir skimanir, próf og matstæki

Lesferill

Lesferill er samnefni yfir fjögur próf sem snúa að umskráningu og lestrartækni. Prófin eru *Leið til læsis* (1. bekkur), *lesfimi*próf (1.-10. bekkur) og hliðarpróf fyrir *sjónrænan orðaforða* (1.-3. bekkur) og *orðleysu*próf (1.-3. bekkur).

[Handbók um notkun lesfimi- og stuðningsprófa Lesferils](#)

[Matsrammi fyrir lesfimi - Læsisvefurinn](#)

Leið til læsis – lesskímunarpróf er lagt fyrir að hausti í 1. bekk þar sem prófaðir eru þættir sem leggja grunn að lestrarnáminu sem eru:

- Málskílningur og orðaforði.
- Bókstafa og hljóðabekking.
- Hljóðkerfis- og hljóðavitund.

Niðurstöður gefa vísbendingar um styrkleika og veikleika í nemendahópnum hvað varðar hversu vel undirbúnir nemendur eru til að takast á við lestrarnám. Prófið veitir einnig upplýsingar um nemendur sem gætu verið í áhættu með að lenda í erfiðleikum við lestrarnám, annarsvegar vegna vanda við umskráningu og hins vegar vegna vanda við lesskílning. Prófinu fylgir handbók fyrir kennara með leiðbeiningum um fyrirlögn og kennslu út frá niðurstöðum.

[leidtillaesis.pdf](#)

Lesfimipróf er opið fyrir nemendur í 1.-10. bekk þrisvar sinnum yfir skólaárið, í september, í janúar og í maí. Niðurstöður úr lesfimi eru skráðar í gagnagrunn og er hægt að fylgjast með stöðu og framförum hvers nemanda, nemendahóps og skóla og bera saman við landið.

Í töflunni má sjá viðmið um fjölda lesinna orða á mínútu í maí fyrirlögn.

LESFIMIVIÐMIÐ MMS – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu

Árgangur	Viðmið 1	Viðmið 2	Viðmið 3
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Læsi - lestrarskimun

Læsi - lestrarskimun er ætlað að athuga lestrarhæfni nemenda í 1. og 2. bekk. Annars vegar til að finna nemendur sem kunna að vera í áhættuhópi vegna lestarerfiðleika. Hins vegar að veita kennurum upplýsingar um stöðu til að skipuleggja kennslu nemenda. Prófið samanstendur af fimm heftum. Þrjú eru fyrir 1. bekk og tvö fyrir 2. bekk.

Prófbættir eru

1. bekkur. Fyrsta prófun.

- Viðhorf til lesturs
- Skilningur á hugtökum sem koma fyrir í ritmáli. Hvort nemendur geti gert greinarmun á bókstöfum, tölustöfum og öðrum táknum
- Málvitund. Hvort nemendur þekki hugtökin setning, orð, atkvæði og hljóð, greini lengd orða, fjölda orða í setningu, atkvæði og hljóð

1. bekkur. Önnur prófun.

- Bókstafakunnátta, stór og lítill stafur
- Að þekkja bókstafi út frá hljóði og tákni
- Greina forhljóð í orðum og ritun bókstafa sem tákna hljóðið

- Hljóðtenging, að tengja saman hljóð í orð
- Lesa einföld orð og tengja við rétta mynd

1. bekkur. Þriðja prófun.

- Lesa stuttar einfaldar setningar og velja rétta mynd
- Lesa stuttar gátur og velja viðeigandi mynd
- Lesa stutt fyrirmæli og fara eftir þeim við litun myndar
- Að skrifa orð við myndir

2. bekkur. Fyrsta prófun.

- Viðhorf til lestrar
- Lesa orð án samhljóðasambanda og velja viðeigandi mynd
- Að greina á milli orðhluta í samsettum orðum
- Að lesa stök orð með samhljóðasamböndum og tvöföldum samhljóða og velja rétta mynd

2. bekkur. Önnur prófun.

- Lesa setningar og finna viðeigandi myndir
- Hlusta á upplestur og merkja við rétt svör
- Að velja rétt orð út frá samhengi
- Lesa texta og velja rétt svar í fjölvalspurningum
- Lesa fyrirmæli í texta og merkja inn á kort í samræmi við þau

LOGOS

LOGOS er tölvuforrit/próf til að greina lesblindu (dyslexíu) og aðra lestrarerfiðleika hjá börnum, unglingum og fullorðnum.

- Fyrsti hluti prófsins er ætlaður nemendum í 3. – 5. bekk, en hægt er að nota ákveðna prófhluta fyrir nemendur í 2. bekk í þeim tilgangi að greina lestrarerfiðleika barna eins fljótt og unnt er. Sá hluti er í 17 prófpáttum og lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og kennslufræðileg úrræði hvað varðar lestrarnám barna.
- Annar hluti prófsins er ætlaður nemendum í 6. – 10. bekk og fullorðnum. Sá hluti er í 14 prófpáttum sem greina leshraða, lesskilning, hlustunarskilning, umkóðun og aðra

lestrartengda færni. Flestir prófþættir eru metnir með tilliti til áreiðanleika og viðbragðsflýtis.

Prófin eru stöðluð út frá aldurssvarandi viðmiðun.

Orðarún - lesskilningspróf

Orðarún er staðlað lesskilningspróf ætlað nemendum í 3. - 8. bekk grunnskólans. Höfundar þess eru Dagný Elfa Birnisdóttir, Rósa Eggertsdóttir og Amalía Björnsdóttir. Það er gefið út af Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri árið 2011. Tvö próf eru fyrir hvern árgang. Hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsspurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Prófspurningar reyna í stórum dráttum á ferns konar færni:

- að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar
- að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta
- að átta sig á meginefni texta
- að útskýra orð og orðasambönd

Prófinu er ætlað að vera leiðbeinandi um næstu skref fyrir nemendur í námi. Sjá nánar í handbók prófsins.

[ordarun - handbok.pdf](#)

Lesmál – mat á lestri og réttritun

Lesmál er próf sem metur lestur, lesskilning og réttritun hjá nemendum í 2. bekk íslenskra grunnskóla. Prófið veitir kennurum góðar upplýsingar um nemendur sína og greinir þokkalega í hverju vandi nemenda liggur. Prófið metur fjóra þætti lesturs eins og umskráningu og lesskilning ásamt því að meta færni í réttritun og leshraða (lesfími).

Prófið skiptist í átta undirþætti sem meta eftirfarandi:

1. Umskráningu
2. Lestur og lesskilning
3. Lestur og viðbragðssvörun
4. Lestur og lesskilning
5. Hraðlestur og lesskilning
6. Hlustun og réttritun

7. Hlustun og réttritun

8. Orðabil

Undirþættirnir mynda eftirfarandi fjóra yfirþætti:

1. Umskráningu (undirþáttur 1)

2. Lesskilning (undirþættir 2-4)

3. Hraðlestur (undirþáttur 5)

4. Réttritun (undirþættir 6-8)

Lesfimiramminn

Lesfimirammanum er ætlað að veita nemendum og forráðamönnum upplýsingar og endurgjöf um stöðu nemandans og hver næstu skref þurfa vera í kennslu og þjálfun lesfimi.

Ramminn skiptist í fjóra þætti: a) Tjáning, b) Sjálfvirkni lestrar eða leshraða, c) Hljómfall og hendingar og d) Flæði.

Með því að skoða rammann er auðvelt að átta sig á því hvað hver þáttur felur í sér og eins hver munurinn er á góðri eða slakri lesfimi. Ramminn sýnir glöggð að leshraði og nákvæmni, sem mæld eru í lesnum orðum á mínútum á lesfimiþrófi, gefa ekki fullnægjandi mynd af stöðu nemenda og að mikilvægt sé að kenna, þjálfar og meta alla þætti lesfiminna. Góð lesfimi er ein meginforsendan fyrir góðum lesskilningi. Þess vegna er mikilvægt að kenna og þjálfar lesfimi markvisst og vel.

[Matsrammi fyrir lesfimi - Læsisvefurinn](#)